Borgarstjórn Reykjavíkur
17. nóvember 2026

Tillaga borgarfulltrúa Vinstrisins um úttekt á breytingum vegna áfengissölu á íþróttaviðburðum

Borgarstjórn samþykkir að láta framkvæma úttekt á því hvernig til hafi tekist með ákvæði tíundu greinar málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitinga- og gististaði.

Greinargerð
Nýverið var málsmeðferðarreglum borgarráðs breytt og í tíundu grein þeirra kveður nú á um að áfengisveitingar í tengslum við íþróttaviðburði séu ekki bannaðar heldur heimilar að uppfylltum skilyrðum. Vinstrið leggur til að kannað verði hvort skilyrðum hafi verið fylgt og hvernig þeim hafi verið fylgt sem og hvaða hnökrar hafi komið upp í ferlinu ef einhverjir. Þá verði einnig gerð grein fyrir því hvernig eftirliti hafi verið sinnt og farið yfir fjölda ábendinga sem hafa borist um misbresti ef einhverjar eru. Þá verði gerð grein fyrir því hvort einhverjir leyfishafar hafi ekki uppfyllt skilyrði og verið sviptir leyfi til sölu áfengis á viðburðum. Borgarráði í samvinnu við menningar- og íþróttasvið verði falið að framkvæma úttektina og leggja hana fram til kynningar í formi skýrslu.

Reykjavík